

10. fundur

Safnanefnd Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 20. maí 1999 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður, Ægir Jóhannsson, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Páll Ólafsson og Guðmundur Andrésson, sem ritar fundargerð.

Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins í Stykkishólmi.

Dagskrá:

1. Erindisbréf.
2. Fullorðinsfræðsla.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Erindisbréf.
Lögð fram drög að erindisbréfi. Unnið við drögin og verður hreinrituðu eintaki dreift til fundarmanna á næstunni.
Tillaga nefndarinnar verður síðan lögð fyrir bæjarstjórn.

2. Fullorðinsfræðsla.
Sigurlína sagði frá vinnu við fullorðinsfræðslumál.
Bókasöfnin í Þorlákshöfn, Seltjarnarnesi og í Vestmannaeyjum fengu styrk skr. 10.000 til að vinna að þessu verkefni. Verkefnið felst í að safna og viðhalda upplýsingum í samvinnu við Vefbókasafnið og að kenna bókavörðum að aðstoða fólk við að nýta sér gögnin.

3. Önnur mál.
Guðrún sagði frá því að bæjarráð hefði samþykkt að safnið gerðist aðili að Feng í samræmi við fyrirliggjandi tilboð frá Skýrr hf.
Lagt var fram bréf þessu til staðfestingar.

Lögð fram gögn um stefnumótun í uppbyggingu almenningsbókasafna sem nefnist "Spor í rétta átt".

Sigurlína sagði frá samvinnuverkefni almenningsbókasafna og Máls og menningar hf. um útgáfu bókarinnar "Ljóð unga fólksins".
Tveir ungir Hólmarar eiga ljóð í bókinni.

Rætt um filmur með ættfræðigögnum og nauðsyn þess að fá eintak fyrir Breiðafjarðardeild Amtbókasafnsins, ásamt lesvél. Ákveðið að kaupa filmur með gögnum frá Breiðafjarðarsvæði og forstöðumanni falið að annast það.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:35.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Ægir Jóhannsson (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),
Gunnar Gunnarsson (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),
Guðmundur P. Ólafsson (sign.).

Íhs.